

Niðurstaða SA og VR um samningsforsendur

Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem undirritaður var 14. maí 2000 og gildir til 1. mars 2004, er eftirfarandi ákvæði um samningsforsendur:

„Samningsaðilar eru sammála um að forsenda þessa samnings sé að verðbólga fari minnkandi. Í febrúar ár hvert munu samningsaðilar meta hvort forsendur sem samningur þessi hvílir á hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist eru launaliðir samningsins uppsegjanlegir með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.“

Þegar samningar aðila voru undirritaðir í maí 2000, var verðbólgan 5,9% á ársgrundvelli. Frá þeim tíma hefur verðbólga farið minnkandi og var 4,1% í febrúar 2001 miðað við síðustu 12 mánuði. Niðurstaða aðila er því sú að samningsforsenda kjarasamningsins hafi staðist.

Í gær komst sérstök nefnd, skipuð fulltrúum frá ASÍ og SA, að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til uppsagnar launaliðar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, hvorki vegna þróunar verðlags né samningsbundinnar launaþróunar annarra, en síðarnefnda forsendan er í samningum flestra annarra kjarasamninga en verzlunarmanna. Niðurstaða nefndarinnar var sú að orlofs- og desemberuppbætur í kjarasamningum aðila skyldu hækka úr samtals kr. 38.600 í kr. 55.000 árið 2001, úr samtals kr. 39.900 í kr. 56.300 árið 2002 og úr samtals kr. 41.000 árið 2003 í samtals kr. 57.400 árið 2003. Niðurstaða þessi var gerð til að styrkja undirstöðu þeirra kjarasamninga til langs tíma sem gerðir hafa verið.

Samningsaðilar eru sammála um að til samræmis verði einnig gerðar breytingar á ákvæðum kjarasamnings SA og VR um orlofs- og desemberuppbætur. Niðurstaðan felur í sér að orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001 verði kr. 15.000 í stað kr. 9.600, kr. 15.300 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 í stað kr. 9.900 og kr. 15.400 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 í stað kr. 10.000. Desemberuppbót verður kr. 40.000 á árinu 2001 í stað kr. 29.000, kr. 41.000 á árinu 2002 í stað kr. 30.000 og kr. 42.000 á árinu 2003 í stað kr. 31.000.

Reykjavík, 7. mars 2001

F.h. Samtaka Atvinnulífsins

F.h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

Ari Edwald
Hannes G. Sigurðsson

Magnús L. Sveinsson
Guðmundur B. Ólafsson
Pétur A. Maack
Gunnar Páll Pálsson
Elías Magnússon